

**121** svo og samþykkt um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá verzlunar- eða iðnaðarfyritækjum eða á skrifstofum í Reykjavík, staðfest 17. ágúst 1934.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, staðfestist hérmeð og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. nóvember 1934.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

**122**  
12. des.

## REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð frá 16. janúar 1934, um útflutning  
á fiski til Bretlands.

### 1. gr.

Þau veiðiskip, sem flytja nýjan og frystan fiski til Bretlands, svo og skip sem flytja lausan fisk, mega ekki leggja þar á land meira af eftirtöldum fisktegundum: ufsa, karfa, keilu, löngu, lýsu, háfi og steinbit, en sem svarar að samanlögð 10% — tíu af hundraði — af þunga aflans.

### 2. gr.

Til Bretlands má ekki flytja annan fisk í kössum en lúðu, skarkola, þykkvalúru, langlúru, stórkjöftu, ýsu svo og flakaðan þorsk. Ennfremur er heimilt að flytja út þangað hrogn í kössum.

### 3. gr.

Atvinnumálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. gr. og 2. gr. þegar ástæða þykir til.

### 4. gr.

Brot gegn 1. gr. og 2. gr. reglugerðar þessarar varða sektum allt að 10000 krónum.

### 5. gr.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

Reglugerð þessi er hérmeð sett, samkvæmt lögum nr. 88, 19. júní 1933, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og er jafnframt úr gildi feld reglugerð frá 13. september 1934, um viðauka við reglugerð frá 16. janúar 1934. 122  
12. des.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. desember 1934.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd fyrir Neskaupstað. 123  
13. des.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hérmeð staðfest eftirfarandi

### REGLUGERÐ UM BARNAVERND

#### 1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Neskaupstaðar er bannað að selja börnum og unglingum innan 16 ára aldurs, tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt eða að stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það um hönd.

#### 2. gr.

Bönnuð er ennfremur öll sala á brjóstsykursstöngum, spýtubrjóstsykri, sleikjum svonefndum og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndarinnar geta talizt beinlínis eða óbeinlínis hættulegar börnum og unglingum.

#### 3. gr.

Barnaverndarnefnd skal eiga kröfu til þess, að sjónleikir eða aðrar skemmtanir, sem börnum og unglingum innan 16 ára aldurs, er ætlað að hafa aðgang að, séu sýndar henni eða fulltrúum hennar, áður en sjónleikurinn eða skemmtanirnar eru sýndar almenningi, og getur þá nefndin bannað, að börn og unglingar innan 16 ára aldurs fái aðgang að þeim, ef henni þykir ástæða til. Ennfremur skal nefndin eiga kröfu til þess að henni séu gefnar nákvæmar upplýsingar fyrirfram um skemmtiatriði á væntanlegum samkomum.

Þeir, sem hafa í hyggju að stofna til þeirra skemmtana, sem hér um ræðir, skulu tilkynna barnaverndarnefnd það með þeim fyrirvara, er hún telur hæfilegan.